Innkaupareglur Fjallabyggðar

1. gr.
Tilgangur og markmið

Tilgangur með reglunum er að stuðla að hagkvæmni í innkaupum Fjallabyggðar með virkri samkeppni, góðum viðskiptaháttum og vandaðri stjórnsýslu.

Reglunum er ætlað að tryggja:

1. Að við innkaup sé farið að lögum og reglum á þessu sviði.
2. Að innkaupareglur séu skýrar og ferillinn fyrirsjáanlegur.
3. Að jafnræðis sé gætt með þeim sem reglurnar taka til.
4. Að kveða á um ábyrgð á því að reglunum sé fylgt.
5. Að útboðum sé beitt við innkaup eins og unnt er og hagkvæmt þykir.
6. Að markviss vinnubrögð við innkaup stuðli að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum.
7. Að við innkaup sé tekið tillit til gæða- og umhverfissjónarmiða.
8. Að kveða skýrt á um málskotsrétt.

2. gr.
Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda fyrir Fjallabyggð, auk stofnana og annarra opinberra aðila á vegum sveitarfélagsins.

3. gr.
Orðskýringar

Með hugtakinu innkaup er í reglum þessum átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ. e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

Hvað varðar almennar orðskýringar að öðru leyti, er vísað til 2. gr. laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

4. gr.
Innkaupaaðferðir

Við innkaup Fjallabyggðar skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Munnleg eða skrifleg verðfyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.

- Innkaup samkvæmt rammasamningi eða afsláttarsamningi.

Við innkaup sveitarfélagsins er einnig heimilt, þar sem við getur átt, að beita eftirtöldum aðferðum:

- Samningskaupum að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.

5. gr.
Útboðsskylda

Útboð skal almennt viðhaft við innkaup, ef því verður við komið.
Skylt er að viðhafa útboð:

1. Þegar áætluð samningsfjárhæð vegna verksamninga er yfir kr. 35.000.000.
2. Vegna þjónustusamninga sem eru yfir kr. 17.500.000.
3. Vegna vörusamninga sem eru yfir kr. 11.750.000.

Í tilviki verðfyrirspurna gilda viðmið samkvæmt 21. gr. Allar fjárhæðir í reglum þessum eru tilgreindar með virðisaukaskatti.

Þegar ófyrirséðar eða sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur bæjarráð tekið ákvörðun um að víkja frá skyldu til útboðs samkvæmt innkaupareglum sveitarfélagsins.

Þegar áætluð samningsfjárhæð er yfir viðmiðunarfjárhæð vegna opinberra innkaupa á EES svæðinu, skv. reglugerð nr. 225/2010 skal viðhafa útboð á EES svæðinu með þeim áskilnaði sem getur um í lögum nr. 84/2007. Ekki er skylt að bjóða út á EES svæðinu tómstunda-menningar- og íþróttaþjónustu sbr. II. viðauka B tilskipunar EB, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 84/2007. Við kaup á þessari þjónustu skal þó ávallt gæta jafnræðisreglu, sbr. 3. tölulið 1. gr. reglnanna.

6. gr.
Mat á fjárhæðum innkaupa

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa að meðtöldum virðisaukaskatti miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin skal birtast.

Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga. Ef gert er ráð fyrir að samningur verði gerður um viðskiptin skal tekið tillit til lengdar samningstíma að viðbættum framlengingarsamningstíma, auk áætlaðrar fjárhæðar samningsviðskiptanna.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður til að lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð innkaupa. Þannig er óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

7. gr.
Samningsgerð

Leitast skal við að gera samninga þannig úr garði, að ekki komi upp ágreiningur um efni þeirra eða efndir. Samningar sem gerðir eru til langs tíma skulu innihalda uppsagnar- og riftunarákvæði til handa sveitarfélaginu.

Samningar um kaup á vörum, framkvæmdum eða þjónustu skulu að jafnaði ekki gerðir til lengri tíma en þriggja ára. Heimilt er að gera samninga með möguleika á framlengingu til eins árs í senn. Ekki má framlengja slíkan samning oftar en tvisvar. Óheimilt er með öllu að gera ótímabundna samninga.

Þegar samningar eru gerðir til lengri tíma en gildandi fjárhagsáætlun nær til, skal bæjarráð veita heimild til samningsgerðarinnar, að því marki sem heimildir bæjarráðs samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar leyfa. Varði sú skuldbinding sem í samningnum felst verulega fjárhag eða hagsmuni sveitarfélagsins skal bæjarstjórn veita heimildina. Í samningum skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun.

8. gr.
Umsjón og ábyrgð á innkaupum

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur þessar, lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða, lög nr. 84/2007 um opinber innkaup og reglur þessar.

Stjórnendum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber skrifstofu- og fjármálastjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

Bæjarstjóri hefur yfirumsjón með öllu forvali, útboðum og fyrirspurnum sem og samningagerð í framhaldi þeirra. Skrifstofu- og fjármálastjóri hefur í umboði bæjarstjóra, eftirlit með að innkaup séu samkvæmt samningum og í samræmi við innkaupareglur þessar.

Deildarstjóri tæknideildar hefur umsjón með forvali, útboðum og verðfyrirspurnum sem varða verklegar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins í samráði við bæjarstjóra.

Forstöðumenn B-hluta fyrirtækja annast útboð og innkaup sem falla undir starfsemi þeirra í samræmi við reglur þessar, nema annað sé tekið fram, í samráði við bæjarstjóra.

Umsjón með innkaupum deilda, stofnana eða fyrirtækja Fjallabyggðar er á hendi viðkomandi stjórnanda.

9. gr.
Innkaupaaðilar

Stjórnandi sem hefur forráð yfir fjárheimildum samkvæmt 8. grein getur veitt undirmanni sínum umboð sitt til að afla aðfanga allt að kr. 600 þ.kr. Bæjarráð getur samþykkt meiri heimildir til handa starfsmanni í sérstökum tilvikum að fengnum tillögum viðkomandi stjórnanda. Bæjarráð, í samráði við bæjarstjóra, skal ákveða fyrirkomulag almennra innkaupa, t.d. með notkun beiðna eða innkaupakorta. Innkaup annarra en starfsmanna, í nafni sveitarfélagsins, eru með öllu óheimil.

10. gr.
Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Fjallabyggðar eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við sbr. hæfisreglur í 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum Fjallabyggðar og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið, nema með samþykki bæjarstjóra.

11. gr.
Tengdir aðilar

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber skrifstofu- og fjármálastjóri ábyrgð á að uppfæra skrána. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um hæfis- og siðareglur.

12. gr.
Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls. Bæjarstjóri Fjallabyggðar hefur umsjón með allri upplýsingagjöf um samninga og innkaup á vegum sveitarfélagsins og sér til þess að hún samræmist ákvæðum laga hverju sinni.

13. gr.
Viðurlög við brotum

Brot á reglum þessum teljast til brota í starfi og geta leitt til áminningar viðkomandi starfsmanns. Ítrekuð brot geta varðað brottrekstri úr starfi.

14. gr.
Opið útboð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað, skal almennt viðhafa opið útboð.

15. gr.
Lokað útboð

Þegar opnu útboði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að viðhafa lokað útboð. Lokað útboð skal að jafnaði ekki viðhaft nema að undangengnu forvali, sjá þó undanþágu í ákvæði 18. greinar.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk, t.d. með því að óska eftir upplýsingum um starfsmenn og fjárhagsstöðu bjóðenda í útboðsgögnum.

Þegar lokað útboð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og því skal lágmarksfjöldi þátttakenda vera fjórir ef þess er kostur.

16. gr.
Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum, skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna faglega og fjárhagslega getu þeirra til að taka að sér verkefnið.

Í forvalsgögnum skal koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.

Niðurstöður forvals skal tilkynna öllum þeim sem sendu inn forvalsgögn og færa rök fyrir niðurstöðunni.

17. gr.
Lokað útboð án forvals

Viðhafa má með samþykki bæjarráðs lokað útboð meðal valinna bjóðenda, án forvals, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

18. gr.
Auglýsing útboðs eða forvals

Opið útboð og forval skal auglýsa opinberlega í a.m.k. einu dagblaði með dreifingu um allt land, í miðlum sem starfræktir eru í Fjallabyggð og á vefsvæði sveitarfélagsins. Auglýsingar skulu uppfylla 3. grein laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

19. gr.
Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út. Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila.

20. gr.
Verðfyrirspurnir

Þegar ekki er viðhaft útboð vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu, skal verðfyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta. Verðfyrirspurn skal vera skrifleg þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegrar framkvæmdar eða þjónustu er yfir 350.000 krónur en yfir 120.000 krónur. þegar um vörukaup er að ræða. Miðað skal við áætlað verð með virðisaukaskatti og líftímakostnað vöru.

Skylt er að fyrirspurn sé undanfari viðskipta þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegrar framkvæmdar er yfir kr. 23.500.000, yfir kr. 11.750.000 þegar um þjónustu er að ræða, en yfir kr. 5.900.000 þegar um vörukaup er að ræða. Allar fjárhæðir með virðisaukaskatti. Þeir sem kaupa vöru, þjónustu eða verklegar framkvæmdir fyrir hönd sveitarfélagsins.

Gera má verðfyrirspurn þar sem áætlað verð er undir viðmiðunartölum um útboð skv. 4. grein og útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða unnið verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með símbréfi og/eða tölvupósti.

Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða/verðfyrirspurnar, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af starfsmönnum. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði og tilboð annarra aðila.

21. gr.
Undanþága frá útboði og/eða verðfyrirspurn.

Bæjarstjóra er heimilt er að veita undanþágu frá útboði og verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila.

22. gr.
Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Taka skal því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, eða hafna þeim öllum. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.
Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Við gerð útboðsgagna skal taka mið af umhverfissjónarmiðum og líftímakostnaði þar sem það á við.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri útboðsauglýsingu eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta. Kaupanda er heimilt að óska skýringa á atriðum í tilboðum sem þykja óskýr eða orka tvímælis.

Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem átt hefur hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tilteknar skuldbindingar sem þar hafa komið fram, enda leiði það ekki til þess að grundvallarþáttum í tilboðinu, eða útboðsauglýsingu, sé breytt þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Leggja skal fram rökstuðning með tillögu um val á samningsaðila.

23. gr.
Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gangvart sveitarfélaginu.

Óheimilt er að gera samning við þann sem eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með iðgjöld til lífeyrissjóðs.
4. Á í málaferlum við Fjallabyggð eða fyrirtæki eða stofnun á vegum sveitarfélagsins vegna vanefnda af hálfu annars hvors samningsaðila, í tengslum við áður gerða samninga um verk-, þjónustu- eða vörukaup.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í útboðum.

Heimilt er að kanna viðskiptasögu bjóðanda. Leiði sú könnun í ljós að bjóðandi eða eigandi hans hafi lent í greiðslu- eða gjaldþroti, sbr. 28. gr. laga um opinber innkaup, sl. fimm ár (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut

sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, en með nýja kennitölu.

Þegar áætluð samningsfjárhæð, vegna verk- og þjónustusamninga, er kr. 35.000.000 eða hærri með virðisaukaskatti er óheimilt að gera samning við aðila, ef ársreikningur sýnir neikvæða eiginfjárstöðu. Sé þess krafist er tilboðsgjafa skylt að sýna fram á regluleg bankaviðskipti og tryggingu vegna samningsefnda. Þá er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í forvölum og lokuðum útboðum þótt samningsfjárhæð sé lægri en að framan greinir. Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn. Heimilt skal bæjarráði að víkja frá skilyrðum um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa enda hafi í útboðsskilmálum ekki verið gerð krafa um slíkt.

24. gr.
Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð, greiðslufresti og greiðslutilhögun. Í samningi skal koma fram frestur kaupanda til að greiða reikninga. Æskilegt er að ekki sé samið um styttri greiðslufrest en 30 daga frá útgáfudegi reiknings.

25. gr.
Kæru- og endurupptökuheimild

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. 10. gr. og IX. kafla laganna, er aðila heimilt að kæra til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Alltaf er þó heimilt að bera kæru undir kærunefnd útboðsmála innan 15 daga frá því að rökstuðningur skv. 75. gr. er veittur.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á sér hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála Fjallabyggðar sé ábótavant, er aðila heimilt að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina skriflega til bæjarstjóra Fjallabyggðar, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

26. gr.
Gildistaka og uppfærsla.

Reglur þessar sem settar eru með vísan til 2. mgr. 19. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007, öðlast þegar gildi eftir samþykkt þeirra í bæjarstjórn Fjallabyggðar

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 9. október 2013